



## Aðalfundur FFM

5.maí 2009 kl: 20:00.

- 14 mættir.
- Júlíus Friðriksson kosinn fundarstjóri og Rut Ingólfssdóttir kosinn ritari.
- Alma Vestmann fór yfir PBS. Sagði frá hvernig það er uppbyggt, hvernig hafi gengið og hvað er framundan. Skemmtilegar umræður voru og er gaman að heyra að þetta umbunarkerfi er að virka.
- Linda Birgisdóttir formaður, kynnir stjórn foreldrafélagsins.
- Linda las skýrslu formanns (sjá meðfylgjandi skjöl) skýrsla samþykkt.
- Júlíus fór yfir skýrslu gjaldkera. Rætt var um félagsgjöld og samþykkt á fundinum að hækka þau upp í 1.500 kr. Kom fram hugmynd að senda tölvupóst á foreldra eftir að greiðsluseðill hefur verið sendur til að gera fólki grein fyrir að þessir peningar fari í að styrkja skólastarf barna þeirra.
- Súsanna kynnti skólaráð og fór yfir skýrslu þess. Hvernig það er uppsett, hverjir eigi þar sæti og tilgang þess. Segir starfsemina vera í mótun því þetta væri fyrsti starfsvetur skólaráðs. Talaði hún einnig um hvað starfið væri spennandi og gaman að sjá hvað foreldrar og nemendur fá að taka þátt í mótun skólaumhverfisins. Spurt var hvort sparnaður hefði verið ræddur og svarað var að óformlega hafi hann komið til tals og er hann mikill og kemur til með að bitna á öllu skólastarfi. Spurt var hvort ráðið hefði ákvörðunarvald, en svo er ekki, allt vald er hjá skólastjórnendum, en þeir taki vel á móti öllum hugmyndum og athugasemdum og samstarfið væri mjög gott. Skýrsla samþykkt.
- Linda bað um að fólk léti vita ef það langaði að starfa í foreldrafélagi eða skólaráði. Súsanna er að hætta og vantar því í hennar stað.
- Ingibjörg Sæmundsdóttir frá FFRGÍR, kynnti sig, sagðist vera með símatíma og heimasíðu, ffgir.is, og allir væru velkomnir að hafa samband hvort sem er með athugasemdir eða hugmyndir.
- Spurt var hvort skólinn tæki þátt í vorhátíðinni, svo er ekki, skólinn sér að öllu leyti um það.

Linda þakkar öllum fyrir komuna og slítur fundi kl: 21:30.

## Skýrsla formanns á aðalfundi 5. maí 2009.

- Mig langar að byrja á því að kynna þau sem hafa verið í stjórn FFM veturinn 2008-2009, en það eru: Linda Birgisdóttir, Signý Harðardóttir, Súsanna Fróðadóttir, Júlíus Friðriksson, Laufey Vilmundardóttir, Ester D. van Gooswilligen, Rut Ingólfssdóttir.

- Haldnir hafa verið 8 stjórnarfundir í vetur, frá 26. ágúst til 5. maí.

- Í júní 2008 tóku í gildi ný skólalög þar sem kemur m.a. fram að skólaráð taki við af foreldraráði. Fulltrúi í skólaráði situr einnig í FFM.

- Fundir með bekkjarfulltrúum allra bekkja voru 2, 1 á hvorri önn. Voru 25 bekkjarfulltrúar boðaðir með tölvupósti og símhringingu. Fyrri fundurinn var 16. október 2008 og mættu 4, sá síðari 5. febrúar 2009 og mættu 11. Á þessum fundum kom m.a. fram hugmyndir um hvað bekkirnir geta gert saman, hugmyndir af fyrirlesturum, undirbúningur fyrir sameiginlega máltíð nemenda og kennara 10. bekkjar o.fl. Einnig kom upp sú hugmynd að stjórn FFM muni kalla bekkjarfulltrúa saman fljótlega í skólabyrjun næsta árs.

- Jólafondur var haldið 25. nóvember. Boðið var upp á trévörur sem hægt var að mála og einnig vörur úr fyllti sem hægt var að sauma. Mjög góð þátttaka var og runnu vörurnar út. Nemendur 10. bekkjar voru með fjáröflun á meðan á fönðrinu stóð.

- Mjög gott samstarf var á milli stjórnar og skólastjórnenda í vetur. Formlegir fundir voru 3.

- Stjórn leggur áherslu á að veita foreldrum innsýn í störf þess. Í skólabyrjun fengu foreldrar bréf þar sem félagið var kynnt, á heimasíðu skólans voru foreldrar hvattir til að starfa sem bekkjarfulltrúar og 2 sinnum var skrifað í Mylluna.

- Eins og undanfarin ár innheimti félagið 750 kr á heimili. Því miður urðu mistök við innheimtu, þar sem sum heimili fengu fleiri en 1 innheimtuseðil og nokkrir borguðu umfram. Félagið endurgreiddi mismuninn. Þess má geta að aðrir skólar í bæjarfélaginu eru að innheimta hærra upphæð og má búast við hækkun hér á næsta skólaári.

- Stjórnin ákvað að þeir peningar sem innheimtust færi í þrenns konar verkefni. Fyrsta lagi styrk í heimasíðuna, styrk til ferðalags 10. bekkjar og styrk til vorferðar annarra nemenda. Töldum við að með því nytu allir nemendur / heimili góðs að því.

- Fulltrúar stórnar sátu nokkra fundi FFGIR. Á fyrri hluta skólaárs var m.a. starfsdagur en þar kynntu öll foreldrafélög bæjarins stefnu sína og hvað væri framundan. FFM, ásamt öðrum foreldrafélögum bæjarins, tók þátt í að skipuleggja opinn fund FFGIR, sem haldinn var 14. mars í Virkjun á Ásbrú. Yfirskrift fundarins var “Börn í Reykjanesbæ og velferð þeirra”.

- Á fundi FFGIR 30. apríl var samþykkt að veita FFM styrk frá FFGIR úr Manngildissjóði, kr: 50.000 til að styðja við útivakt í 1 frímínútum skólans. Það mun vera útfært á þá leið að nemendur í 10. bekk sinni útivakt í frímínútum, á komandi skólaári. Þannig vinna þeir sér inn fjárhæð sem rennur óskipt í ferðasjóð að vori. Með verkefninu vill foreldrafélag Myllubakkaskóla styðja við félagsþroska nemenda, ábyrgð og auka enn frekar öryggi rúmlega 200 barna sem nýta útisvæði í frímínútum.

- Þann 24. apríl var ný og glæsileg heimasíða skólans opnuð og fagnar félagið því. Á komandi vetri mun vera hægt að fylgjast með störfum FFM, fundagerðum og hugmyndir fyrir bekkjarfulltrúa. Nú þegar má finna þar foreldrahandbók félagsins.

- Að lokum vil ég benda á framtíð félagsins. Í stjórn er áhugasamt fólk sem tekur starf sitt alvarlega. Eitt af markmiðum félagsins er að gera þau verkefni sem það tekur sér fyrir hendur vel, þó þau verði ekki ýkja mörg yfir árið. Eitt af því sem hefur verið í vinnslu í vetur er sjónrænt skóladagatal sem mun nýtast öllum heimilum og ekki sist þeim heimilum þar sem íslenska er annað mál. Þetta verkefni mun fylgja félaginu inn í næsta skólaár og vonandi klárast. Stjórn félagsins eru fulltrúar foreldra barna við skólann og tengiliðir við skólastjórnendur. Markmið þeirra er fyrst og fremst að huga að velferð barnanna í skólanum og standa vörð við réttindi þeirra. Þetta tekst með samvinnu allra.

Formaður FFM, veturinn 2008-2009

Linda Birgisdóttir